

AFMÆLISÁRIÐ

Félagið okkar á afmæli. Í aldarfjórðung hefur það starfað til hagsbóta fyrir nýrnasjúka og aðstandendur þeirra og verður tímamótanna minnst með margvíslegum hætti.

- Haldið verður málþing á Alþjóðlega nýrnadeginum sem að þessu sinni ber upp á fimmtudaginn 10. mars nk. Málþingið er ætlað bæði almenningi og fagfólki sem vinnur við meðferð og umönnun nýrnasjúkra.
- Í kjölfarið verður gefið út veglegt afmælisrit þar sem meðal annars verða birt þau erindi sem flutt verða á málþinginu.
- Sérstak átak verður gert til þess að kynna líffæragjafakortin og hvað í því felst að skrá sig sem líffæragjafa.
- Á afmælisdaginn sunnudaginn 30. október verður afmælikaffi fyrir félagsmenn og gesti.

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen

nýrnad

FRÉTTABRÉF

1. tbl. 24. árg. janúar 2011

Meðal efnis:

AFMÆLISÁR

STUÐNINGSFUNDIR

KVIÐSKILUNARSJÚKLINGAR Í SUND

NÆSTU STUÐNINGSFUNDIR

Tengslahóps
nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra
Reykjavík: miðvikudaginn 9. febrúar
í kaffistofu starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b
fundurinn hefst kl. 19:30

**Nánari upplýsingar á www.nyra.is
og í síma 896 6129**

Félag nýrnasjúkra
Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244
Netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: nyra.is



Kæru félagar

Félag nýrnasjúkra var stofnað 30. október 1986 og verður því 25 ára á þessu ári. Þetta er merkur áfangi og er áætlað að minnast þessara tímamóta með ýmsum hætti. Nánar er skýrt frá fyrirhuguðum atburðum á baksíðunni. Það er von stjórnarinnar að þetta verði félaginu lyftistöng og auki þekkingu bæði nýrnasjúkra sem og almennings á nýrum, því sem skaðar þau og þeim merðferðarkostum sem í boði eru. Enn er það svo að almennt ríkir mikil vanþekking á mikilvægi nýrnanna fyrir líf okkar og heilsu.

Fyrsta fréttabréf félagsins barst nýlega í hendur stjórnarinnar. Það var einn af stofnendum félagsins sem fann eintakið í gögnum móður sinnar sem lengi var í stjórninni. Þetta eintak ber nafnið

nýgræð

og dagsetningin er febrúar/mars 1988. Hvernig lýst lesendum á að nota það nafn á fréttabréfið aftur? Í ritinu koma fram ýmsar merkilegar upplýsingar. Þar er meðal annars birt ávarp Páls Ásmundssonar þáverandi yfirlæknis þar sem hann rekur upphafi skilunarmeðferðar á Íslandi. Einnig kemur fram að merki félagsins er teiknað af Snorra Sveini Friðrikssyni listamanni að fenginni tillögu frá Páli.

Sagt er frá því að árið 1987 hafi 8 Íslendingar fengið ígrætt nýra og af þeim hafi 7 fengið frá ættingja sínum. Um áramótin 1987-1988 voru 9 manns í blóðskilun og 10 í kviðskilun. Á síðasta ári, 23 árum síðar, fengu 6 Íslendingar ígrætt nýra frá lifandi gjafa og voru aðgerðirnar framkvæmdar hér á landi fyrir utan ein sem var gerð í Noregi. Í Gautaborg voru framkvæmdar 5 ígræðslur með nýra frá látnum gjafa. Um síðustu áramót voru 69 manns í skilunarmeðferð; 57 í blóðskilun og 12 í kviðskilun.

Stella S. Kierman ávarpar lesandann fyrir hönd ritnefndar og óskar eftir að fá sent efni – fyrirspurn, eigin kveðskap eða góðri sögu. Allt sígildar óskir þeirra sem sjá um félagsblöð og eru ítrekaðar hér.

Þetta er fyrsta fréttabréf ársins og því fylgja einlæggar óskir um gleðilegt ár til ykkar allra.

Jórunn Sörensen

LANGAR ÞIG Í SUND EN ERT Í KVIÐSKILUN?

Ungur maður með kviðskilunarlegg fer í sund og heita pottinn með fjölskyldu sinni þegar hann langar til. Þetta hefur hann gert í eitt og hálf ár. Hann notar stómapoka til þess að vernda legginn.

Eins og öðrum sem eru í kviðskilunarmeðferð var honum bannað að fara í stund og heita potta. Það var eiginkona hans sem fann lausnina þegar hún las heimasíðu Nyreforeningen í Danmörku. Í framhaldi af því leitaði hún upplýsinga hjá Baxter í Danmörku. Eftir að hafa prófað nokkrar tegundir, finnst mannum tegundin **Assura Plus nr. 12110** henta best. Pokinn er nettur, mjúkur, límist mjög vel og er algjörlega vatnsheldur. Þessir pokar fást hjá Eirvík og eru 30 stykki í kassa. Með beiðni frá lækni greiða Sjúkratryggingar Íslands pokana.

Að fara í sund og heita pottinn er stór hluti af lífsstíl og lífsgæðum margra Íslendinga. Ef þú ert einn af þeim en notar kviðskilunarmeðferð eru stómapokar kannski lausnin fyrir þig. Ræddu málið við lækinn þinn.

Fundir Tengslahóps nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra á þessu ári í Reykjavík eru sem hér segir:

12. janúar	9. febrúar	9. mars
13. apríl	11. maí	8. júní
13. júlí	10. ágúst	14. september
12. október	9. nóvember	14. desember

Spjall í trúnaði um það sem skiptir okkur máli.

Þegar lífið breytist verður þema næsta fundar.

Fáðu nánari upplýsingar í síma 896-6129 og í þeim síma er einnig hægt að panta einstaklingsviðtöl